## Kennsluáætlun 2026-2027

**8.- 10. bekkur**
**Námsgrein: Handmennt**
**Kennari: Jennifer Please**

**Markmið:**
**Að nemandi:**

- Geti beitt fjölbreyttum aðferðum og áhöldum greinarinnar við formun textílafurða.
- Geti rökstutt eigið val á textílefni eftir viðfangsefni og efnisvali.
- Geti unnið með snið og uppskriftir, tekið mál, áætlað stærðir og efnisþörf.
- Geti beitt viðeigandi vinnustellingum og verið meðvitaður um líkamstöðu sína, þekki hugmyndir og reglur vinnuverndar.
- Geti beitt skapandi og gagnrýnni hugsun í hönnun og textílvinnu.
- Geti skreytt textílafurð á skapandi og persónulegan hátt.
- Geti lagt mat á eigin vinnubrögð og hönnun og notað til þess viðeigandi hugtök.
- Geti notað margvíslega miðla til að afla upplýsinga fyrir hugmyndir að verkefnum sem tengjast textíl, hönnun og útfærslu á þeim.
- Geti þekkt mun á eiginleikum náttúruefna og gerviefna út frá aðferð og kolefnisspori.
- Geti þekkt mun á helstu táknum og merkingum textílefna og nýtt sér í daglegu lífi.
- Geti nýtt endurunnin efni textílvinnu, gert grein fyrir endurnýtingu og efnisveitum og sett í samhengi við sjálfbærni og umhverfisvernd og hringrásarhagkerfið.
- Geti greint og fjallað um textílvinnu og -verk í samhengi við sögu, samfélag og listir.

**Kennsluaðferðir/vinnulag:**

- Sýnikennsla
- Einstaklingsvinna
- Para- og hópavinna
- Leiðsagnarnám
- Leitarnám

**Námsmat:**

- Símat - virkni og vinnubrögð í tímum
- Leiðsagnarmat er viðhaft yfir árið þar sem nemendur fá munnlega leiðsögn um stöðu sína. Hvað sé gott og hvað sé hægt að bæta.
- Áherslan er á að meta ferlið en ekki eingöngu afurðina.
- Mikið áhersla er lögð á sjálfstæði nemenda.

**Námsgögn:**

- Tölur og perlur
- Ull
- Garn af ýmsu tagi
- Nálar og tvinnar
- Jafi
- Saumavél
- Prjónar og heklunálar
- Efni af vef og frá kennera